



## Fundargerð

486. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,  
miðvikudaginn 9. nóvember 2022, kl. 16.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt:

Árný Huld Haraldsdóttir, oddviti (ÁHH)

Jóhanna Ösp Einarisdóttir, varaoddviti (JÖE)

Hrefna Jónsdóttir, aðalmaður (HJ)

Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir, aðalmaður (MDS) boðaði forföll

Rebekka Eiríksdóttir, 2. varamaður (RE)

Vilberg Þráinsson, aðalmaður (VP) boðaði forföll

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin er rituð á tölvu og er 5 síður.

Oddviti bauð fólk velkominn, óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál. Oddviti kannaði hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðið. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins.

#### **1. 485. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps, 14. september 2022.**

*Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.*

#### **2. Skipulags- húsnæðis- og hafnanefnd 3. nóvember 2022**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

##### **2.1 2004013 - Endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps.**

Lögð fram fundargerð skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnanefndar Reykhólahrepps frá 3.11.2022 ásamt minnisblaði þar sem er yfirlit yfir athugasemdir sem bárust við aðalskipulagstillögu og umhverfismatsskýrslu sem auglýstar voru á grundvelli 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 þann 8. júlí 2022 með athugasemdafresti til

26. ágúst 2022. Í minnisblaðinu eru svör nefndar við athugasemdum og leggur nefndin til að sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykki Aðalskipulag Reykhólahrepps 2022-2034 með lagfæringum og breytingum sem lýst er í minnisblaðinu. Einnig er lögð fram skipulagsgreinargerð og umhverfismatsskýrsla þar sem gerðar hafa verið lagfæringar sem minnisblaðið lýsir.

*Sveitarstjórn hefur farið yfir framlögð gögn og samþykkir, með vísan í 1. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hér með auglýsta tillögu að Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034 með þeim lagfæringum sem lýst er í minnisblaði skipulags-, bygginga-, húsnæðis- og hafnarnefndar. Samþykktin er með hliðsjón af umhverfismatsskýrslu tillögunnar, sbr. 16. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, en í skýrslunni kemur fram að tillagan er í heild sinni metin í samræmi við umhverfisviðmið á sviðum umhverfis, efnahags og samfélags. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að senda Skipulagsstofnun aðalskipulagstillöguna til lokaafgreiðslu. Jafnframt verði skipulagsfulltrúa falið að senda afgreiðslu sveitarstjórnar til þeirra sem gerðu athugasemdir og niðurstaða sveitarstjórnar auglýst, sbr. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga og kynnt skv. 3. mgr. 16. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Samþykkt samhljóða.*

*Sveitarstjórn þakkar öllum þeim sem komu að vinnu við endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps fyrir góða vinnu.*

## **2.2 2211006 - Viðhald fasteigna Reykhólahrepps.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og vísar erindinu í fjárhagsáætlun fyrir árið 2023. Samþykkt samhljóða.*

## **2.3 2208005 - Framkvæmdaleyfi Reykhólahöfn.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar og felur skipulags- og byggingafulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir niðurrekstur stálþils á Reykhólahöfn. Samþykkt samhljóða.*

## **2.4 2211003 - Kirkjutröð 2, lóð nr. 139654, lóðarleigusamningur.**

*Sveitarstjórn samþykkir lóðarleigusamning um lóð 139654 ásamt hnitsettum uppdrætti. Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að þinglýsa samningnum.*

## **2.5 2211008 - Gröf landnr. 139572. Umsókn um byggingaleyfi vinnubúða.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

## **2.6 2211007 - Kleifarstaðir fastanr. 2122304, umsókn um byggingaleyfi.**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

### **3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 1. nóvember 2022.**

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

#### **3.1 Samþykkt um hunda- og kattahald – athugasemd.**

*Sveitarstjórn samþykkir breytingu á samþykkt um hunda- og kattahald. Samþykkt samhljóða.*

#### **3.2 Ormahreinsun hunda**

*Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin samþykkt að öðru leiti.

### **Mál til afgreiðslu**

#### **1. 2209001 - Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2023 – 2026, síðari umræða.**

Lögð er fram fjárhagsáætlun 2023 - 2026 til síðari umræðu.

Áætlunin gerir ráð fyrir samanlögðum tekjum að upphæð 966 millj. og rekstrargjöldum að upphæð kr. 923 millj. fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld verði 7,6 millj.

Rekstrarniðurstaða ársins 2023 verði 35 millj. í hagnað.

Helstu verkefni sem farið verði í árið 2023 verði áframhaldandi vinna við Reykhólahöfn, gatnagerð og malbikun á Reykhólum auk viðhalds á Reykhólaskóla.

*Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2023 – 2026. Samþykkt samhljóða.*

#### **2. 2211011 - Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd.**

Erindi frá Umhverfisstofnun dagsett 1. nóvember 2022 vegna tilnefningar á fulltrúa í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála.

*Sveitarstjórn tilnefnir Hrefnu Jónsdóttur formann umhverfis- og náttúruverndarnefndar sem fulltrúa sveitarfélagsins í vatnasvæðanefnd og felur sveitarstjóra að óska eftir samstarfi við nágrannasveitarfélög um tilnefningar að öðru leiti. Samþykkt samhljóða.*

**3. 2211012 - Aðlögun að loftlagsbreytingum.**

Erindi frá Stjórnaráði Íslands, Byggðastofnun, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Veðurstofu Íslands, Skipulagsstofnun og Sambandi íslenskra sveitarfélags þar sem óskað er eftir þátttöku nokkurra sveitarfélaga við að móta aðferðarfræði fyrir sveitarfélög til þess að bregðast við afleiðingum loftlagsbreytinga.

*Sveitarstjórn Reykhólahrepps óskar eftir þátttöku í verkefninu. Samþykkt samhljóða.*

**4. 2211013 - Ráðstefna um úrgangsmál 14. nóvember 2022.**

Boð á ráðstefnu sem haldin er að Hótel Hamri, mánudaginn 14. nóvember kl. 13.

*Sveitarstjóra er falið að sækja ráðstefnuna. Samþykkt samhljóða.*

**Mál til kynningar**

**5. 2211014 - Eftirlitsskýrsla Grettislaug Reykhólum.**

Skýrsla frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða lögð fram til kynningar.

**6. 2102019 - Verkfundargerðir 1 og 2 vegna endurbyggingar stálþils Reykhólahöfn.**

Fundargerðir lagðar fram.

**7. 2203006 - Fundargerðir 206. og 207. fundar Breiðafjarðarnefndar og starfsskýrsla 2021.**

Fundargerðir og starfsskýrsla lögð fram.

**8. 2202001 - Fundargerð 914. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerð lögð fram.

**Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.**

**1. 2211016 - Velferðarmál á Vestfjörðum, kaup á ráðgjöf.**

*Sveitarstjórn samþykkir að veita kr. 200 þús. í ráðgjöf í málefnum velferðarmála á Vestfjörðum. Samþykkt samhljóða.*

**2. 2211017 - Reykhólar 139639, umsókn um nýja lóð, Rönd.**

Umsókn frá Tómasi Sigurgeirssyni ódagsett.

*Sveitarstjórn samþykkir stofnun nýrrar lóðar og felur byggingafulltrúa að afgreiða málið.  
Samþykkt samhljóða.*

Fundi slitið kl. 19.15. Fundargerðin undirrituð rafrænt